

Greiðslujöfnuður við útlönd og erlend staða þjóðarbúsins á þriðja ársfjórðungi 2008

Á heimasíðu Seðlabanka Íslands hafa nú verið birt bráðabirgðayfirlit um greiðslujöfnuð við útlönd á þriðja ársfjórðungi 2008 og um stöðu þjóðarbúsins í lok fjórðungsins.¹

Viðskiptajöfnuður var óhagstæður um 109,6 ma.kr. á þriðja fjórðungi ársins sem er talsvert lægra en á fjórðungnum á undan. Minni halli þáttatekna og á þjónustujöfnuði skýra þessa breytingu að mestu en aukinn halli af vöruviðskiptum vegur nokkuð á móti. Minna tap varð á beinni fjárfestingu Íslendinga erlendis (endurfjárfesting hagnaðar/taps) en vaxtakostnaður vegna erlendra skulda hækkaði.

Hreint fjárinnstreymi nam 166,8 ma.kr. á tímabilinu. Bein fjárfesting innlendra aðila erlendis jókst um 49 ma.kr. en bein fjárfesting erlendra aðila á Íslandi dróst saman um 18,8 ma.kr. og umtalsverður samdráttur var á verðbréfafjárfestingum erlendra aðila á Íslandi. Fjárinnstreymið stafar af sölu innlendra fjárfesta á erlendum skuldabréfum og af erlendum lántökum opinberra aðila.

Skekkjuliður í ársfjórðungsuppgjörinu er fremur stór og endurskoðun fjármagnshreyfinga á fyrri fjórðungum ársins dró lítið úr skekkjulið þess tíma. Vonir standa þó enn til að hann minnki með nánari upplýsingum við uppgjör ársins í heild. Reynslan er sú að neikvæður skekkjuliður skýrist oftast af vanmati á fjármagnshreyfingum, þótt hitt þekkist einnig að berist nákvæmar upplýsingar um viðskipti og tímasetningu þeirra berist með töluverðri töf.

Hrein staða við útlönd var neikvæð um 2.302 ma.kr. í lok þriðja ársfjórðungs og versnaði um 184 ma.kr. á ársfjórðungnum. Þessi þróun stafar einkum af veikingu gengis krónunnar. Erlendar eignir námu 9.955 ma.kr. í lok ársfjórðungsins en skuldir 12.257 ma.kr.

¹ Sjá Hagtölur á <http://www.seðlabanki.is>

Tafla 1: Ársfjórðungslegur greiðslujöfnuður við útlönd í milljörðum króna á verðlagi hvers tíma

	2007-3	2007-4	2008-1	2008-2	2008-3
Viðskiptajöfnuður	-29,0	-90,7	-56,9	-134,6	-109,6
Útflutningur vöru og þjónustu	105,9	128,3	111,7	173,5	175,3
Innflutningur vöru og þjónustu	-143,0	-159,4	-147,4	-183,2	-195,2
Þáttatekjur og framlög, nettó	8,1	-59,6	-21,2	-124,9	-89,7
Fjármagnsjöfnuður	62,7	101,5	112,5	207,3	166,8
Fjármagnshreyfingar án forða	68,9	104,6	119,0	184,7	281,4
Erlendar eignir, nettó	-483,2	-571,2	117,6	-229,6	209,7
Erlendar skuldir, nettó	552,1	675,1	1,4	414,3	71,7
Gjaldeyrisforði (- aukning)	-6,2	-3,1	-6,5	22,6	-114,9
<i>Skekkjur og vantalið, nettó</i>	<i>-33,2</i>	<i>-10,5</i>	<i>-55,0</i>	<i>-72,3</i>	<i>-57,2</i>

Tafla 2: Erlend staða þjóðarbúsins í lok ársfjórðungs á verðlagi hvers tíma í milljörðum króna

	2007-3	2007-4	2008-1	2008-2	2008-3
Erlendar eignir, alls	5.911	6.651	7.883	8.436	9.955
Bein fjárfesting erlendis	1.333	1.742	1.756	1.899	2.476
Erlend markaðsverðbréf	1.926	1.672	2.086	2.091	2.222
Aðrar fjáreignir en forði	2.497	3.074	3.821	4.243	4.882
Gjaldeyrisforði	155	163	220	203	375
Erlendar skuldir, alls	7.179	7.981	9.909	10.553	12.257
Bein fjárfesting á Íslandi	681	740	840	853	869
Innlend markaðsverðbréf	3.720	3.704	4.576	4.882	5.381
Aðrar erlendar skuldir	2.778	3.537	4.493	4.818	6.007
Hrein staða við útlönd	-1.268	-1.332	-2.026	-2.118	-2.302

Nánari upplýsingar veitir Ríkarður Bergstað Ríkarðsson á upplýsingasviði Seðlabanka Íslands í síma 569-9600.